

númersins og bókstafsins þau sérstöku spilamerki sem prentuð eru á miðann, það er hjarta, spaði, tígull og lauf.

1. 5. og 9. flokkur, miði ber auðkennið hjarta.
2. 6. og 10. flokkur, miði ber auðkennið spaði.
3. 7. og 11. flokkur, miði ber auðkennið tígull.
4. 8. og 12. flokkur, miði ber auðkennið lauf.

Útdráttur vinninga skal fara fram sérstaklega fyrir hvora röð vinninga. Við útdrátt í flokkaröð skal draga úr öllum útgefnum númerum, 1-80.000, en við útdrátt vinninga í sjóðs-röð, DAS 80%, skal einungis dregið úr þeim númerum sem seld eru í hverjum viðkomandi undanfarandi fjögurra flokka og skal fyrir útdrátt liggja fyrir skrá um þau númer sem seld eru í hverjum flokki, staðfest af yfirmanni happdrættisins. Skulu söluaðilar hafa skilað skrá yfir selda miða tímanlega áður en útdráttur fer fram.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Vinningar í flokkaröðum skulu vera a.m.k. 50.000 í tólf flokkum.

Heildarverðmæti þeirra miðað við smásöluverð skal nema a.m.k. 40% af heildarsöluverði miða í öllum tólf flokkunum.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera kr. 7.200 ef keyptur er miði sem gildir í öllum tólf flokkum happdrættisins sem er frá 1. maí til 30. apríl.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. apríl 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Nónhæð, Arnarsmári 32.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 18. apríl 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 á Nónhæð.

Breytt er landnotkun á lóðinni nr. 32 við Arnarsmára þannig að hún er auðkennd sem verslunarlóð (m.a. bensínsala) í stað lóðar með blandaða landnotkun, þ.e. opinber þjónusta og opið svæði til sérstakra nota.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 18. apríl 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um kennslu á framhaldsskólastigi í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað.

1. gr.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum og annast fræðslu í hússtjórnamgreinum fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Er hér um að ræða nám á hússtjórnarbraut, sbr. námskrá handa framhaldsskólum, svo og annað nám í skyldum greinum sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

Kennslan skal skipulögð í samræmi við námskrá fyrir framhaldsskóla og starfar skólinn í samvinnu við Menntaskólann á Egilsstöðum.

3. gr.

Skólanum er einnig heimilt að bjóða fram annars konar nám fyrir nemendur á framhaldsskólastigi og í fullorðinsfræðslu, skv. ákvæðum 36. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum.

4. gr.

Skólanefnd skólans gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárþörf við undirbúning fjárlaga og skulu þær miðast við það námsframboð og kennslufyrirkomulag sem samþykkt hefur verið.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. apríl 1995.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.